

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð

**Efni:** Tillaga um útboð á endurskoðun fyrir Mosfellsbæ og stofnanir sveitafélagsins

**Dags:** 27. maí 2024

**Málsnúmer:** 202405362/-

**Sendandi:** Pétur Jens Lockton, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Tillaga:

Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði heimilað að undirbúa útboða á endurskoðun Mosfellsbæjar sem framkvæmt verði sem örútbóð innan rammasamings Ríkiskaupa sem Mosfellsbær er aðili að. Lagt er til að samningstími verði fimm ár með heimild til framlengingar um eitt ár.

### Greinargerð:

Samkvæmt 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ræður sveitarstjórn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast endurskoðun ársreiknings hjá sveitarfélaginu, sbr. 5. og 74. gr. samþykktu um stjórn Mosfellsbæjar.

Ákvæði um starfstíma endurskoðunarfyrtækja sem veitt hafa þjónustu til eininga tengdum almannahagsmunum er að finna í lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019. Í 55. gr. laganna segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. öðlast ákvæði 46. gr. gildi 27. apríl 2024 gagnvart þeim endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum sem hafa veitt endurskoðunarþjónustu til eininga tengdra almannahagsmunum samfellt í 20 ár eða lengur við gildistöku laga þessara og 27. apríl 2027 gagnvart þeim endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum sem hafa veitt endurskoðunarþjónustu til eininga tengdra almannahagsmunum samfellt í 11 ár eða lengur en skemur en 20 ár við gildistöku laga þessara.“

KPMG hefur veitt Mosfellsbæ þjónustu samfellt í lengri tíma en 20 ár og er því komið að því að ráða þurfi annan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Með vísan til framangreinds er lagt til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að undirbúa útboð á endurskoðun sveitafélagsins sem framkvæmt verði sem örútbóð innan rammasamings Ríkiskaupa sem Mosfellsbær er aðili að. Lagt er til að samningstími verði fimm ár með heimild til framlengingar um eitt ár.

Virðingarfyllst,  
Pétur Jens Lockton